



Félag starfsmanna Alþingis

Alþingi
Erindi nr. P 135/1790
komudagur 11.3.2008

Reykjavík 11. mars 2008

Allsherjarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10

Efni: Tillaga til þingsályktunar um siðareglur opinberra starfsmanna

Með bréfi dagsettu 12. febrúar 2008 fór allsherjarnefnd Alþingis þess á leit við Félag starfsmanna Alþingis að það sendi umsögn við tillögu til þingsályktunar um siðareglur opinberra starfsmanna, 317. mál.

Stjórn Félags starfsmanna Alþingis hefur fjallað um tillöguna á fundum sínum og hefur nokkrar athugasemdir fram að færa:

FSA er sammála um að starfsmaður eigi aldrei að hegða sér þannig að brotið sé gegn mannlegri reisn á einhvern hátt. Hegðun sem felur í sér misneytingu fólks sem býr við erfiðar aðstæður hefur neikvæð áhrif á ímynd starfsmannsins og veldur tjóni á orðstír landsins eða því starfi verið er að vinna að.

Hins vegar er það almennt séð ekki æskilegt að vinnuveitandi setji reglur um hvað starfsmenn geri í frítíma sínum og ætti að stíga varlega til jarðar við setningu á siðareglum hvað það varðar. Slíkar reglur þarf að semja í nánú samstarfi við starfsmenn og stéttarfélag þeirra.

En starfsmenn Alþingis heyra ekki undir ríkisstjórn eða ráðherra. Viðsemjandi í kjaraviðræðum er forseti Alþingis en ekki fjármálaráðherra eins og hjá flestum opinberum starfsmönnum. Telur FSA því að það sé forseta Alþingis eða forsætisnefndar að setja starfsmönnum Alþingis siðareglur.

Virðingarfyllt

Ingvi Stígsson
formaður FSA